



## TILLAGA

### **Tillaga mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs um samráðsvettvang um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi**

Lagt er til að settur verði á fót samstarfshópur í Reykjavík sem hefur það hlutverk að leggja til leiðir til að annars vegar að vinna að forvörnum gegn ofbeldi meðal barna og ungmenna og samræma þá vinnu og hins vegar til að bregðast strax við þegar slík brot eiga sér stað. Lögð verði áhersla á þverfaglega samvinnu stofnana og grasrótarsamtaka sem tengjast málefnum barna.

#### **Greinagerð:**

Í hópnum eigi sæti eftirtaldir fulltrúar:

- ✓ Formaður mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs
- ✓ Reykjavíkurborg, frá Skóla- og frístundasviði, bæði fulltrúi grunnskóla og fulltrúi frístundastarfs og Velferðarsviði, bæði fulltrúi sviðsins og Barnaverndar Reykjavíkur
- ✓ Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu/samfélagslögregla
- ✓ Embætti landlæknis
- ✓ Fulltrúi framhaldsskóla í Reykjavík
- ✓ Barna- og fjölskyldustofa
- ✓ Ríkislögreglustjóri
- ✓ Bergið headspace
- ✓ Barnaheill
- ✓ Fulltrúi foreldra (útfært nánar í samstarfi við skóla- og frístundasvið)

Hópin leiði formaður mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs.

Til ráðgjafar verði kallaðir til eftirfarandi aðilar: Stígamót

Með hópnum vinni starfsmanneskja frá Reykjavíkurborg sem hefur það hlutverk að taka saman gögn, greina stöðu mála og sjái um að kalla hópinn saman bæði á föstum samráðsfundum ársfjórðungslega og oftast ef þörf er á en einnig þegar bregðast þarf strax við aðstæðum sem koma upp.

Til hliðsjónar í starfi:

- ✓ Farsældar lög
- ✓ Betri borg fyrir börn – nálgun og hugmyndafræði
- ✓ Barnaverndarlög
- ✓ Lög um félagsþjónustu

Ýmis teikn er á lofti um að ofbeldi meðal barna og ungmenna hafi aukist að undanfögnu. Einnig hafa verið færð fyrir því rök að það sé orðið bæði sýnilegra en áður þar sem það er



t.d. oft tekið upp og svo dreift á samfélagsmiðlum en einnig að það sé orðið alvarlegra en áður tíðkaðist. Þau sem vinna með börnum telja mikilvægt að sporna við þessu bæði með forvörnum en líka viðbrögðum þar sem stutt er við brotþola og unnið er með gerendum og foreldrum eða forráðamönnum þeirra. Þörf er á vitundarvakningu því ofbeldið hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þau sem fyrir því verða. Við þessu verður einungis spornað með samstilltu átaki allra aðila. Þessi starfshópur er liður í að stilla saman strengi og vinna góð verk þvert á stofnanir og grasrótarsamtök með áherslu á annars vegar vitundarvakningu og hins vegar einstaklingsbundna þjónustu.

Samstarf af þessum toga hefur reynst vel t.d. í verkefninu Saman gegn ofbeldi og þykir rétt að láta á það reyna á þessum vettvangi einnig.

DRÖG